

## Viðauki I Yfirlit yfir stjórnskipun og stjórnarskrárákvæði/lagaákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í Evrópuríkjum

Skýringar:

Fólksfjöldatölur í hornklofa miðast við árið 2004

Þ: (upphafleg) stjórnarskrá staðfest í þjóðaratkvæðagreiðslu

Ríki	Stjórnarskrárákvæði og lagaákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur	Þjóðaratkvæðagreiðslur og álitsumleitanir [www.c2d.ch]	Þjóðarfrumkvæði/tillöguréttur í STS
Austurríki n [8.1 millj] Sambandsríki. Stjórnarskrá 1920. Forseti sambandsríkisins (frá 1920), kjörinn í almennum kosningum. Lýðveldisstjórnarform – uppspretta laga frá fólkinu (STS 1).	Ákvæði í STS um þjóðaratkvæðagreiðslur (ófrávikjanlegar og valkvæðar) (STS 43-46 og 60) Í STS er mælt fyrir um að frekari útfærsla skuli fara fram í lögum, t.d. þjóðaratkvæðagreiðslur ( <i>Volksabstimmungsgesetz</i> 1972 (Law on Referenda), <i>Volksbefragungsgesetz</i> 1989 (Law on Public Opinion Polls))	<i>Frá 1945 hafa farið fram tvær þjóðaratkvæðagreiðslur: Þjóðaratkvæðagreiðsla á grundvelli STS 44(3) 12. júní 1994 um inngöngu í ESB og þjóðaratkvæðagreiðsla um kjarnorkuver (1978).</i>	STS 41. Tillöguréttur 100.000 kjósenda eða 1/6 hluta kjósenda í þremur sjálfstæðum einingum ( <i>Länder</i> ). Frekari ákvæði í almennum lögum. ( <i>Volksbegehrensgesetz</i> 1973 (Law on Public Initiatives).  <i>1964-1994: 27 tillögur af 29 hafa náð tilskildum stuðningi; aðeins þrjár hafa orðið að lögum. (Kaufmann og Waters, 33)</i>
Belgía [10.2 millj] Konungsveldi. Sambandsríki. Stjórnarskrá 1831. Lýðræðisstjórnarform. Konungur og þing fara með löggjafarvald sambandsríkisins. Ríkisstjórn fer með völd í umboði þings; þjóðhöfðingi (konungur) fer ekki með neitt pólitískt vald, ber ekki ábyrgð og getur ekki framkvæmt neitt sem hefur pólitíska eða lagalega þýðingu nema ef ráðherra undirritar með [Prakke, 79-80]. Fulltrúalýðræði (en óbein þátttaka og hátt hlutfall af hagsmunaaðilum ).	Engar reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur	<i>Frá 1830 hefur farið fram ein þjóðaratkvæðagreiðsla í Belgíu um endurkomu konungsins (árið 1950).</i>	Engar reglur um tillögurétt eða þjóðarfrumkvæði

Bretland [60 millj]. Ekki skráð stjórnskrá	Engin ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í skráðri stjórnskrá. Ákvæði í almennum lögum ( <i>Political Parties Elections and Referendums Act 2000</i> ) – fylla þarf út í lögin með sérlögum í hverju tilviki fyrir sig .	<i>Ein atkvæðagreiðsla, 1975, um aðild að Evrópubandalögunum.</i>	Engin ákvæði um þjóðarfrumkvæði eða tillögurétt
Búlgaría [8.2 millj] Stjórnskrá 1991 Lýðveldi. Þingræði. Allt vald runnið frá þjóðinni og þjóðin fara með það vald beint og í gegnum fulltrúa (STS 1(2))	Almenn ákvæði í STS 10 og 84 nefna þjóðaratkvæðagreiðslur. STS 84 mælir fyrir um valdheimildir þingsins, m.a. að taka ákvörðun um þjóðaratkvæðagreiðslur. Lög um þjóðaratkvæðagreiðslu ( <i>Law on Plebiscite</i> no 100/1996, breytt 1999).	<i>Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur aldrei verið haldin í Búlgaríu</i>	Engin ákvæði um þjóðarfrumkvæði eða tillögurétt
Danmörk [5.3 millj] Stjórnskrá 1953 (Þ) Stjórnarform: stjórnskrárbundið konungsveldi ( STS 2). Þingræði.	Ákvæði í STS um þjóðaratkvæðagreiðslur, (STS 20, 29(2), 42, 88)). Reglur um framkvæmd í almennum lögum, skv. 88. gr. STS. Almenn lög – dönsku kosningalögin <i>Folketingsvalgloven</i> 704, 27. júní 2004	<i>Frá 1849 hefur 21 þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram í Danmörku (14 ófrávikjanlegar, 4 valkvæðar og 3 álitsumleitanir.) Þar af hefur fjöldi þjóðaratkvæðagreiðslna farið fram um ESB tengd mál, skv. 20 gr. STS m.a. um Maastricht samninginn (1992 og 1993), Amsterdam-samninginn (1998) og um aðild að evru (2000) (fellt).</i>	Engin ákvæði um þjóðarfrumkvæði eða tillögurétt
Eistland. [1.4 millj.] Lýðveldi. Þingræði. Þingið samþykkir þann sem verður forsætisráðherra og samþykkir stjórnarmyndun. Fyrsta stjórnskrá 1920; STS 1992 (Þ); síðast breytt 2005. Tilvísun til að vald sé upprunnið frá þjóðinni í STS 1 og STS	Ákvæði í STS um þjóðaratkvæðagreiðslur (STS 105-106, 162-164). Heimild til að setja reglur um framkvæmd í STS 106. Lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Lög (1994)	<i>Frá 1918 hafa farið fram 9 þjóðaratkvæðagreiðslur í Eistlandi, þar af 3 ófrávikjanlegar, ein valkvæð og 4 álitsumleitanir. Frá 1990 hefur aðeins verið um álitsumleitanir að</i>	Engin ákvæði um þjóðarfrumkvæði eða tillögurétt

56( Kortmann III-17).	mæla fyrri um að þingið ákveði hvort þjóðaratkvæðagreiðsla verður haldin, tímasetningar og spurningar.	<i>ræða. Álitsumleitarnir vorðu allar stjórnskipuleg málefni, s.s. sjálfstæði, kosningarétt, samþykki stjórnarskrárinnar og aðild að ESB og voru tillögurnar allar samþykktar.</i>	
Finnland [5.1 millj] Lýðveldi. Þingræði. Ný stjórnarskrá 2000. Þjóðkjörinn forseti (síðan 1994). Völd forseta minni eftir gildistöku nýrrar STS (Prakke, 200).	Ákvæði í stjórnarskrá (STS 53) mælir fyrir um að ákveða skuli ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu í löggjöf, sem skal nánar útfæra spurningar, tíma og framkvæmd. Engin önnur ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í finnsku stjórnarskránni. Ekki almenn löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu en sérlög sett í hvert sinn, ef þarf	<i>Fjórar þjóðaratkvæðagreiðslur frá 1917, þrjár um áfengismál og áfengissölu (1931) og ein um aðild að ESB (1994). Allar fólu í sér álitsgjöf.</i>	Engin ákvæði um þjóðarfrumkvæði eða tillögurétt
Frakkland. [60 millj] Stjórnarskrá frá 1958 (Þ), síðast breytt 2008. Lýðveldi. Þingræði með sterkri stöðu þjóðkjörins forseta. (Þingið hefur takmarkaða heimild til að víkja ríkisstjórn sem forseti styður og meirihluti þingsins nýtur yfirleitt stuðnings meirihluta þjóðarinnar). Forseti er ekki ábyrgur gagnvart þinginu - aðeins óbeint ef vantrausti er lýst á ríkisstjórnina vegna aðgerða forseta. (Prakke, 251).  Vald upprunnið hjá þjóðinni STS 3, sem nefnir kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur.	Ákvæði um valkvæðar þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrá (STS 11, 72-74 (um sjálfstæðar einingar) 88-89. (þjóðréttarsamningar). STS 11. vísar í löggjöf varðandi framkvæmd.	<i>Frá 1958 hafa 11 þjóðaratkvæðagreiðslur farið fram, ein ófrávikjanleg (um stjórnarskrárþreyingu árið 1958) og 10 álitsumleitarnir. Meðal þeirra má nefna: 8 janúar 1962 um sjálfstæði Algeríu, -8 apríl 1962 um beinar kosningar við forsetakosningar, -27 apríl 1969 um breytingar á efri deild (senate) og sjálfstjórnareiningum (regions) – hafnað, -23. apríl 1972 um fullgildingu stækkunarsamnings EB (aðild Bretlands, Írlands og Danmerkur), - 6 nóvember 1988 um sjálfstjórn nýju-Kaledóníu, -20 september 1992 (Maastricht samningur ESB), -24 september 2000 um að stytta kjörtímabil</i>	11. gr. STS heimilar nú þjóðarfrumkvæði (1/10 hluti kosningabærra manna) (ásamt þingi) um sömu málefni og ríkisstjórn og þing geta (með atbeina forseta) krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um, þ.e. - stjórnsýslu -efnahags- og félagsmálafestfni þjóðarinnar og opinbera þjónustu sem tengist þeirri stefnu -frumvarp um fullgildingu þjóðréttarsamnings, sem hefur áhrif á starfsemi stjórnvalda, þó þjóðréttarsamningar fari ekki gegn stjórnarskránni.

		<i>forseta, 29. maí 2005, um Stjórnarskrá ESB og 3. október 2009 um einkavæðingu póstsins.</i>	
Grikkland [10.624.000] Lýðveldi. Þingræði. Þingkjörinn forseti. Stjórnarskrá frá 1975, síðast breytt 2008. Vísað til þess að vald stafi frá fólkinu og sé í þágu þess í STS 1.	Ákvæði í stjórnarskrá um valkvæðar þjóðarakvæðagreiðslur STS 44(2) um mikilvæg málefni.	<i>Frá 1821 hafa 8 þjóðaratkvæðagreiðslur verið haldnar, þ. á um nýja stjórnarskrá og afnám konungsveldis. Engin þjóðaratkvæðagreiðsla hefur verið haldin eftir 1974. Allar nema ein fólu í sér álitsgjöf, en árið 1968 var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá.</i>	Engin ákvæði um þjóðarfrumkvæði eða tillögurétt
Holland [16 millj] Stjórnarskrá 1983. Konungsveldi. Þingræði.	Engin ákvæði í STS um þjóðaratkvæðagreiðslur. Sérstök lög sett í hvert sinn. Frá 2002-2005 var í gildi löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur ( <i>Temporary referendum Act</i> ); árið 2005 var sett löggjöf sem heimilaði þjóðaratkvæðagreiðslu um drög að stjórnarskrá ESB ( <i>Advisory Referendum on the European Constitution act (WRREG)</i> ), eingöngu í þeim tilgangi. Stjórnarskrádrög ESB felld í þjóðaratkvæðagreiðslunni.	<i>Þjóðaratkvæðagreiðslur eru algengar á sveitarstjórnarstigi. Lengi hefur verið umræða um að setja reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur í Hollandi, en meirihlutafylgi hefur ekki verið fyrir því á þingi og fyrirstaða á að innleiða reglur í STS, þar sem breytingar á STS eru flóknari en almennar lagabreytingar (sjá umfjöllun Jungar, 99-102). Þjóðaratkvæðagreiðsla 2005 um Stjórnarskrá ESB fól í sér álitsumleitan.</i>	Frá 2006 eru reglur um tillögurétt í hollenskum rétti – ekki í STS – en í starfsreglum þingsins. 40.000 kosningabærra manna geta lagt til að frumvarp um tiltekið málefni verði tekið til meðferðar þingsins. Ekki er hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, þó að þingið taki málið ekki til meðferðar (Jungar, 98). <i>Takmarkanir: Skattar, fjárlög og málefni sem fara gegn stjórnarskrá eða almennu siðferði. Ekki má bera fram tillögu fyrr en liðin eru tvö ár frá því að þingið hafði málefnið til meðferðar.</i>
Írland [3.7 millj] Lýðveldi. Stjórnarskrá 1937. Sjálfstjórnunarréttur þjóðarinnar í inngangi og STS, 1 og 6(1). Þingræði. Þjóðkjörinn	Ákvæði í stjórnarskrá um þjóðaratkvæðagreiðslur bæði ófrávikjanlegar og valkvæðar (STS, 27, 46 og 47). Ákvæði í	<i>Frá 1921 hafa farið fram 31 þjóðaratkvæðagreiðslur, þar af 23 ófrávikjanlegar þjóðaratkvæðagreiðslur, oft um</i>	Engin ákvæði um tillögurétt eða þjóðarfrumkvæði

forseti. Forseti fer með löggjafarvald með þinginu ( <i>Oireachtas (Dáil og Seanad)</i> ).	almennum lögum <i>Referendum Acts</i> 1993 – 2001	<i>ákvæði stjórnarskrárinnar, sem hefur verið breytt 24 sinnum. Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa oft snúist um ákvæði STS á borð við föstureyðingar, skilnað, rétt til að ferðast o.s.frv. auk þess sem nokkrar þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram um aðild Írlands að ESB, m.a. um Maastricht-sáttmálann, Nice-sáttmálann og Lissabon-sáttmálann.</i>	
Ísland [300.000] Lýðveldi. Stjórnarskrá 1944 (Þ). Þingræði.	Ákvæði í STS um þjóðaratkvæðagreiðslur (STS 11, 26, 79(2)). Lög 91/2010 um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.	<i>Atkvæðagreiðslur (álitsumleitanir) um áfengisbann (1905), skylduvinnu karlmanna (1915) og afnám áfengisbanns (1933). Þjóðaratkvæðagreiðsla um sambandslögin (1944) og um samninga við Breta og Hollendinga vegna Icesave (2010)</i>	Engin ákvæði um tillögurétt eða þjóðarfrumkvæði
Ítalía [57.6 millj]. Stjórnarskrá 1948. Lýðveldi. Þingræði STS 94. Báðar deildir þingsins hafa jafna stöðu stjórnskipulega og sömu völd. Þingkjörinn forseti. Stjórnarskrá 1947, síðast breytt 2003. Miklar breytingar á kosningakerfi eftir þjóðaratkvæðagreiðslu 1993.	Upphafleg STS lagði áherslu á fulltrúalýðræði og beint lýðræði (Prakke, 483). Ákvæði í stjórnarskrá um valkvæðar þjóðaratkvæðagreiðslur við stjórnarskrárbreytingar og við afnám laga (STS 75 og 138). Þjóðaratkvæðagreiðslur einnig mögulegar varðandi skipulag sjálfstæðra eininga. Löggjöf um þjóðartkvæðagreiðslur sett fyrst 20 árum eftir setningu stjórnarskrárinnar.	<i>69 þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram síðan 1946, 67 valkvæðar þjóðaratkvæðagreiðslur og 2 álitsumleitanir. Af 67 valkvæðum þjóðaratkvæðagreiðslum, sem margar voru til að afnema lög, hlutu 22 staðfestingu en 45 voru felldar. Þjóðaratkvæðagreiðslur um STS: Breytingar á STS voru gerðar eftir þjóðaratkvæðagreiðslu 2001, þegar tillögur um auknar valdheimildir sjálfstæðra eininga voru samþykktar (Jungar, 105). Tilraun til breytinga á stjórnarskrá var gerð 2003, þegar tillögur um aukin völd</i>	STS mælir fyrir um þjóðarfrumkvæði (STS 75), þar sem 500.000 kjósendur geta farið fram á að lög verði felld úr gildi, eða að stjórnarskrárbreytingar taki ekki gildi) og tillögurétt (STS 71) sami fjöldi getur lagt fram tillögu til laga.

		<i>forsætisráðherra, breytingu á deildaskiptingu þingsins og tillögur um auknar valdheimildir sjálfstæðra eininga – voru felldar í þjóðaratkvæðagreiðslu í júní 2006. (Flanz, Italy, 1). 54% þátttaka var í þjóðaratkvæðagreiðslunni og af þeim greiddu 62% atkvæði gegn tillögunum [Jungar, 106]</i>	
Kýpur [760.000] Lýðveldi (1960). Stjórnarform og stjórnarhættir markaðir af sérstökum aðstæðum (skiptingu í grískt og tyrkneskt yfirráðasvæði). Forseti fer með ákveðin völd en sérstakt ráð ( <i>Council of Ministers</i> ) fer með framkvæmdarvald að mestu.	Engin ákvæði í stjórnarskrá um þjóðaratkvæðagreiðslu STS.	<i>Ein álitsumleitan hefur farið fram í sögu Kýpur, um sameiningu Kýpur og aðild að ESB (2004). Tillagan var felld í þjóðaratkvæðagreiðslunni</i>	Engin ákvæði um þjóðarfrumkvæði eða tillögurétt
Lettland. [2,3 millj]. Lýðveldi með þingbundinni stjórn. Stjórnarskrá 1918/ 1922 – sjálfstæði á ný 1994. Vald upprunnið hjá þjóðinni (Kortmann V-4). Sterkt þing (áhrif frá breskum hugmyndum) en einnig áhersla á þjóðaratkvæði (áhrif frá Weimar stjórnarskránni (Kortmann V-13). Vafi um völd forseta. Formlega ber hann ekki ábyrgð á stjórnarathöfnum (en ráðherrar rita undir með forseta, nema í ákveðnum tilvikum, s.s. þegar þing er leyst upp og við myndun stjórnar); þó er talið að forseti fari með ákveðin völd á eigin ábyrgð (Kortmann V-35).	Ákvæði í STS um þjóðaratkvæðagreiðslur bæði óundanþægar og valkvæðar (STS 48, 68, 72, 77-78). Löggjöf um framkvæmd: <i>Referendum and Legislative Proposal Act</i> 31. mars 1994.	<i>Frá 1918 hafa farið fram 12 þjóðaratkvæðagreiðslur, þar af 5 sem stofnað var til með þjóðarfrumkvæði, ein ófrávíkjanleg, fimm valkvæðar og ein álitsumleitan. Hér má nefna m.a. 3 mars 1991: þjóðaratkvæði um sjálfstæði Lettland; 3 október 1998, þjóðaratkvæði um breytingar á lögum um ríkisborgararétt; 13 nóvember 1999 þjóðaratkvæði um breytingar á lífeyrisréttindum (ógilt v/ reglna um lágmarkspáttöku) og 20. sept 2003, þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að ESB.</i>	Bæði reglur um tillögurétt kjósenda og þjóðarfrumkvæði 1) STS 78: Ef þingið samþykkir ekki óbreytt frumvarp um breytingar á STS, sem amk 1/10 kosningabærra þegna hefur krafist og 2) STS 72 Ef amk 1/10 hluti kosningabærra þegna fer fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem forseti hefur synjað staðfestingar (slilyrt þannig að 1/3 þingmanna fer fram á það við forseta að synja lögum staðfestinga, innan 10 daga frá staðfestingu, og skulu þau þá fara í þjóðaratkvæðagreiðslu ef 1/10 hluti kosningabærra manna krefst. Ef engin slík krafa kemur

			fram ganga lög in í gildi.
<p>Litháen [3.4 millj] Lýst fullvalda 1918. Lýðveldi, þingræði (sterkt þing, í einni deild, <i>Seimas</i>). Fullveldi lýst yfir á ný 1990 og ný stjórnarskrá 1992 (Þ). Lýðveldisstjórnarform er staðfest í STS 1 og fullveldi fólksins er staðfest í STS 5 (auk STS 2, 3 4 og 9). Forseti er þjóðkjörinn og er stjórnkerfinu lýst sem blönduðu milli þingræðisstjórnarforms annars vegar og forsetaræðis hinsvegar (Kortmann VI-13). – lýst sem <i>parlementarisme rationnalisé</i> (Kortmann VI-13). Forseti tilnefnir forsætisráðherra og ríkisstjórn og ríkisstjórnin leggur inn umböð sitt við forsetakosningar.</p> <p>Fullveldi hjá þjóðinni (STS 2) og þjóðin fer með fullveldisvald beint eða í gegnum fulltrúa (STS, 4).</p>	<p>Ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrá, bæði ófrávikjanlegar og valkvæðar (STS 9 og 148). STS 9 mælir fyrir um að frekari reglur skuli settar í almennum lögum.</p>	<p><i>19 þjóðaratkvæðagreiðslur síðan 1918, allar eftir 1990. Þar af voru 6 ófrávikjanlegar og þrjár álitsumleitanir. Tíu þjóðaratkvæðagreiðslur byggðust á þjóðarfrumkvæði, en þar af fóru átta fram sama dag (þ.e. ein þjóðaratkvæðagreiðsla í átta liðum). Allir liðir atkvæðagreiðslunnar féllu vegna ónógrar þátttöku.</i></p>	<p>Þjóðarfrumkvæði. Ef 300.000 kosningabærir þegna krefjast skal halda þjóðaratkvæðagreiðslu (STS 9(3)).</p> <p>Þjóðarfrumkvæði til að breyta STS ef 300.000 kosningabærra þegna eða ¼ hluta þingmanna krefjast</p> <p>300.000 kjósendur geta einnig krafist þjóðaratkvæðagreiðslu (STS 9).</p> <p>Tillöguréttur . Ef 50.000 þegnar bera fram tillögu að lögum verður þingið <i>Seimas</i> að taka það til meðferðar (STS 68).</p> <p><i>Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. þjóðarfrumkvæði krefst hér lágmarksþátttöku (50%) sem erfitt er að fullnægja. Í þjóðaratkvæðagreiðslu 1994 ( í átta liðum) um ýmis atriði varðandi einkavæðingu eigna og framtíðarskipan eignaréttar – allir liðir féllu á ónógrri þátttöku.</i></p>
<p>Lúxemborg [450.000]. Lúxemborg er hertogadæmi (<i>duchy</i>). Hertoginn fer með völd (bæði löggjafar og framkvæmdarvald, en ber ekki ábyrgð á stjórnarathöfnum)(Prakke 553). Hertoginn tilnefnir ríkisstjórn (STS 77) og er formlega</p>	<p>Í Stjórnarskrá (STS 51) er mælt fyrir um valkvæðar og ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur</p>	<p><i>Aðeins þrjár þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram í Lúxemborg, sú síðasta 1937 (Prakke, 573)</i></p>	<p>Engar reglur um þjóðarfrumkvæði eða tillögurétt</p>

<p>óbundinn, en er bundinn af þingræðisreglu, þ.e. ráðherrar verða að njóta trausts þingsins (<i>Chamber of Deputies</i>). Þingið og hertoginn fara saman með löggjafarvald. Prakke, 557). Hertoginn hefur heimild til að neita að samþykkja lög en hefur ekki gert svo undanfarið.</p> <p>Fullveldi - vald frá þjóðinni sem hertoginn fer með það vald („nation personified“) (Prakke 573).</p>			
<p>Malta. [400.000] Stjórnarskrá 1964 (Þ). Lýðveldi. Þingræði. Þingkjörinn forseti, formleg staða, að mestu bundinn af ákvörðunum ríkisstjórnar en getur í einstökum tilvikum tekið sjálfstæðar ákvarðanir, einkum að því er varðar skipun forsætisráðherra og lausn. Forseti fer einnig með löggjafarvald, en hefur ekki synjunarvald.</p>	<p>Ákvæði í stjórnarskrá um ófrávíkjanlegar þjóðaratkvæðagreiðslur ( STS 66). Löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu (<i>Referenda Act</i>) mælir fyrir um valkvæðra þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðarfrumkvæði</p>	<p><i>Þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrá 1964 og um aðild að Evrópusambandinu 2003.</i></p>	<p>Þjóðarfrumkvæði . Lög um þjóðaratkvæðagreiðslu, 14. gr.</p>
<p>Noregur [4.5 millj] Stjórnarskrá 1814. Þingbundið konungsveldi. Þingræði.</p>	<p>Engin ákvæði í stjórnarskrá um þjóðaratkvæðagreiðslur</p>	<p><i>6 þjóðaratkvæðagreiðslur frá 1905, allar álitsgjafir, þ. á m. um áfengisbann og afnám þess, aðildarumsókn að ESB (tvívegis, 1971 og 1994- hafnað)</i></p>	<p>Engin ákvæði um þjóðarfrumkvæði eða tillögurétt</p>
<p>Pólland. [38.6 millj] Lýðveldi. Þingræði. Vald upprunnið hjá þjóðinni, og skal hún fara með það vald beint og í gegnum fulltrúa (STS 4).</p>	<p>Ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrá, bæði ófrávíkjanlegar (STS 235(6)) og valkvæðar (STS 90 og 125). Löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur (<i>Act 14 March 2003 on Nationwide</i></p>	<p><i>13 þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið haldnar frá árinu 1918, flest álitsgjafir, sem allar skiluðu neikvæðri niðurstöðu. Í þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá (1997) var lögum um 50% lágmarksspáttöku vikið til</i></p>	<p>Þjóðarfrumkvæði (STS 63). Þingið ákveður hvort halda skal þjóðaratkvæðagreiðslu að frumkvæði 500.000 kosningabærra þegna.</p>



	<i>Referendums).</i>	<i>hliðar. 44% þegna tóku þátt og var stjórnarskráin samþykkt með 53% atkvæða. Þjóðarfrumkvæði virðist aldrei hafa leitt til þjóðaratkvæðagreiðslu.</i>	
<p>Portúgal [10.3 millj] Lýðveldi. Stjórnarskrá 1976; breytt 1989 (þjóðaratkvæðagreiðslur) 1997, 2002 og 2004 og 2005. Forseti kjörinn beinni kosningu en fer með takmarkað völd, ríkisstjórn ber ábyrgð gagnvart þingi sem situr í einni deild.</p> <p>Í stjórnarskrá 1976 var gert ráð fyrir lýðræði, en markmiðsmiðuð lýsing á þróun í átt að stéttlausu samfélagi. Vísað til vilja og fullveldis þjóðarinnar og miðað að því að ná fram efnahagslegu lýðræði („economic, social and cultural democracy“) og auka beint lýðræði (STS 2).</p>	<p>Almennt ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur STS 115 (eins og henni var breytt 1989). Löggjöf um framkvæmd: <i>Lei Orgânica do Referendo (Referendum Act)</i> 3. mars 1998.</p>	<p><i>Fáar þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram í Portúgal. Árið 1998 var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um að fóstureyðingar að ósk móður skyldu framvegis ekki vera refsiverðar. Meirihluti 50.9% var fylgjandi, en þátttaka aðeins 31.9% og var atkvæðagreiðslan því ekki bindandi (en hafði pólitísk áhrif þannig að frumvarpið var ekki lagt fram) (Prakke 666). Árið 2007 var aftur haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um sama efni skv. STS 115. Þótt 50% lágmarksþátttaka næðist ekki (og niðurstaðan byndi því ekki þingið) breytti þingið lögunum í kjölfar atkvæðagreiðslunnar. Þátttaka var 44% og u.þ.b. 60% samþykkir.</i></p>	<p>Forseti hefur frumkvæði, eftir tillögu þings eða ríkisstjórnar eða að frumkvæði þegna STS 115 (og s 16 <i>Referendum Act</i>, 75.000 kjósenda).</p> <p>Bindandi, ef 50% kosningabærra þegna greiðir atkvæði STS 115(11). og 240 gr. <i>Referendum Act</i> (Prakke, 666).</p>
<p>Rúmenía.[22.4 millj]. Stjórnarskrá 1991 (Ð) Lýðveldi. Þingræði. Forseti kjörinn beinni kosningu.</p>	<p>Ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í STS, bæði ófrávikjanlegar og valkvæðar. STS 73(2) gerir ráð fyrir frekari reglum í almennum lögum. Lög um þjóðaratkvæðagreiðslur samþykkt 1999, en ákvæðum þeirra skotið til stjórnlagadómstóls (Auer, 153, nmgr.1)</p>	<p><i>Auk þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja STS (1991) fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrá ESB (19.10.2003). Alls hafa 8 þjóðaratkvæðagreiðslur farið fram frá því á 19. öld, tvær ófrávikjanlegar. Í öðru tilvikinu (2007) var um að ræða tilraun til að víkja forseta frá embætti, skv. STS 95, en tillagan var felld í þjóðaratkvæðagreiðslu.</i></p>	<p>Tillöguréttur STS 74. 100.000 kjósendur geta lagt fram tillögu, en þessi fjöldi þarf að vera frá ¼ hluta sjálfstæðra eininga (sveitarfélaga) og 5.000 undirskriftir frá hverri.</p> <p>STS 150. 500.000 þegnar geta krafist breytinga á STS, þurfa að koma frá ½ smærri eininga (sveitarfélaga) og safna þarf 20.000 undirskriftum í hverri</p>

			þeirra
<p>Slóvenía [1,9 millj] 1918 sameinað konungsríki Slóvena, Króata og Serba (SHS); frá 1945 til 1980 hluti af sambandsríki Júgóslavíu, - 1947 STS Slóveníu sem síðar var breytt nokkrum sinnum; sjálfstæðisyfirlýsing og STS 1991.</p> <p>Lýðveldi, þingbundin stjórn. Löggjafarvald hjá þingi sem situr í einni deild – þó hefur sérstök deild ( e. <i>national council</i>) sem er samsett af ýmsum hagsmunaaðilum, áhrif á löggjafarstarf, en er ekki eiginleg þingdeild (Kortmann X-30). Framkvæmdavald hjá ríkisstjórn. Forseti hefur lítil völd, en er þjóðhöfðingi, og yfirmaður hersins, en er ekki ábyrgður gagnvart þingi. Vald frá þjóðinni, þegar geta tekið ákvarðanir beint og með kosningum (STS 3).</p>	<p>Ákvæði um valkvæðar þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrá (STS 3a heimilar þjóðaratkvæðagreiðslur um framsal fullveldis) og mælir fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslur í STS 90 og um breytingar á STS í STS 170. Gert ráð fyrir að ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur séu í lögum, sem þurfa að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða í þinginu (lög um þjóðaratkvæðagreiðslur – <i>LRPI, law on referendums and popular initiatives</i> 1994).</p>	<p><i>Sextán þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram, allar eftir 1990, þar af 4 ófrávíkjanlegar, 6 valkvæðar, 3 álitsumleitanir og 3 að þjóðarfrumkvæði. Ófrávíkjanlegar þjóðaratkvæðagreiðslur voru um kosningakerfi og voru allar ógildar vegna þess að reglum um lágmarkspáttöku var ekki fullnægt.</i></p>	<p>Tillöguréttur STS 88. 5.000 kjósendur geta lagt til frumvarp og 30.000 kjósendur geta lagt fram tillögu um breytingu á STS. Þingið getur hafnað tillögunum.</p> <p>Þjóðarfrumkvæði STS 90. 40.000 kjósendur geta farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu og er þinginu skylt að kalla til atkvæðagreiðslu ef þess er krafist. Tvær slíkar hafa hlotið samþykki, um endurgreiðslu ofgreiddra gjalda fyrir símaþjónustu og að verslanir skuli eingöngu vera opnar 10 sunnudaga á ári.</p> <p>Í framkvæmd: Ef þingið hyggst hafna tillögum skv. STS 88 geta kjósendur farið þá leið að safna undirskriftum skv. STS 90 (skilyrði um þá undirskriftasöfnun að tillagan liggi þegar fyrir þinginu). Ef 40.000 undirskriftir fást leiðir það til þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið. (Auer, 195).</p>
<p>Slóvakía [5.4 millj] Lýðveldið Tékkóslóvakía stofnað 1918, STS 1920. Ákvæði m.a. um þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði ríkisstjórnarinnar (sem ekki var notað í framkvæmd) Kortmann IX-3). Slóvakía lýsti yfir sjálfstæði 1939. Ný STS Tékkóslóvakíu 1948 undir áhrifum frá</p>	<p>Ákvæði í stjórnarskrá um þjóðaratkvæðagreiðslur, bæði ófrávíkjanlegar og valkvæðar (STS 93-100.) Ákvæði um að lög skuli mæla fyrir um framkvæmd. (STS 100). Þetta hefur verið gert en ágreiningur</p>	<p><i>15 þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið haldnar, allar eftir 1990. Þar af 4 álitsumleitanir og 11 þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði þegna (aldrei hefur verið haldin ófrávíkjanleg þjóðaratkvæðagreiðsla). Af 11</i></p>	<p>Þjóðarfrumkvæði (skilyrt) STS 95. Halda skal þjóðaratkvæðagreiðslu ef 350.000 þegar krefjast, innan 30 daga eftir að krafa um það berst (95(1)).</p>

<p>Sovétríkjunum.; 1960 STS. Eftir fall kommúnista 1989 var sambandsríki Tékkka og Slóvaka endurreist, en Slóvakía síðan stofnuð 1992 – STS 1992.</p> <p>Lýðveldi, þjóðkjörinn forseti (meirihluti atkvæða). Þing situr í einni deild (með 150 fulltrúum) (<i>National Council of the Slovak Republic</i>).</p> <p>Vald runnið frá þjóðinni, sem fer með það beint eða með kjöri fulltrúa (STS 2).</p>	<p>hefur verið um inntak laganna (Auer, 176).</p> <p>Ekki má halda þjóðaratkvæðagreiðslu ef minna en 90 dagar eru til kosninga til þingsins (<i>National Council</i>) og ekki má halda þjóðaratkvæðagreiðslu á kjördegi (STS 97).</p> <p>Ekki má halda þjóðaratkvæðagreiðslu um sama efni fyrr en að liðnum þremur árum frá fyrri þjóðaratkvæðagreiðslu (STS 99)</p>	<p><i>Þjóðarfrumkvæisatkvæðagreiðslum má nefna atkvæðagreiðslur um e-kosningar, minnkun þingsins, takmörkun á þinghelgi, afnám gjalda fyrir útvarp- og sjónvarp. Lágmarksþátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslu er helmingur kjósenda á kjörskrá og ef meira en helmingur af þeim sem taka þátt greiðir atkvæði með. Þessar þáttökureglur, sem og aðrar aðstæður, hafa leitt til þess að næstum allar þjóðaratkvæðagreiðslur sem hafa farið fram hafa verið ógildar – frá 1992 hefur aðeins ein þjóðaratkvæðagreiðsla verið gild: um inngöngu í ESB (Kortmann IX-17).</i></p>	<p>Þó má forseti skjóta því til stjórnlagadómstóls að skera úr um hvort tillagan er í samræmi við stjórnarskrána. Í því tilviki telst frestur frá þeim tíma er niðurstaða stjórnlagadómstólsins er endanleg.</p>
<p>Spánn [40.2 millj] Stjórnarskrá 1978(Þ). Þingbundið konungsveldi (<i>parliamentary monarchy</i>) STS 1(3) og allt vald frá þjóðinni STS 1(2). Konungur ber ekki ábyrgð á stjórnarathöfnum. Ríkisstjórn ber ábyrgð gagnvart þingi (Prakke, 730). Ekki sambandsríki en sjálfstæðar einingar (<i>autonomous communities</i>).</p>	<p>Ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrá og í almennum lögum (2/1980) (Slík lög verða að vera sérstök lög (<i>organic law- leyes orgánicas</i>), þ.e. samþykkt með algerum meirihluta í efri deild þingsins (Prakke 742). <i>Lay Orgánica</i> (18 janúar 1980) <i>sobre regulación de las distintas modalidades de Referéndum</i>. Alger endurskoðun stjórnarskrár kallar á þjóðaratkvæðagreiðslu, og heimilt er að vísa öðrum stjórnarskrárbreytingum í þjóðaratkvæði (STS 167, 168).</p>	<p><i>Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa aðeins fjórum sinnum verið haldnar á Spáni frá 1970, tvær ófrávikjanlegar þjóðaratkvæðagreiðslur, þar af önnur um stjórnarskrárbreytingar, og tvær álitsumleitanir (um NATÓ og um stjórnarskrá ESB).</i></p>	<p>Tillöguréttur STS 87(3). Lagmark 500.000 kjósendur. Frekari reglur í sérstökum lögum.</p>

	<p>Önnur mikilvæg mál geta farið í þjóðaratkvæðagreiðslu (STS 92). Loks eru ákvæði í stjórnarskránni um málsmeðferð þegar stofnuð eru sjálfstjórnarsvæði (<i>autonomous communities</i>), en slík sjálfstjórnarsvæði eru mikilvægur hluti af spænskri stjórnskipan. Hægt er að stofna slík svæði með mismunandi hætti – annars vegar er einfaldari leið skv. 143 ff STS, sem einnig leiðir til lakari stöðu – hins vegar er flóknari leið, skv 151 gr STS, sem kallar á þjóðaratkvæðagreiðslu.</p>		
<p>Sviss [7.1 millj] Stjórnarskrá 2000 (Þ)</p>	<p>Ákvæði í STS um ófrávikjanlegar og valkvæðar þjóðaratkvæðagreiðslur sem fara fram að frumkvæði handhafa ríkisvalds eða þegna. Ákvæði í lögum og ákvörðunum um frekari útfærslu (lög um stjórnmalaleg réttindi, <i>Federal Law on Political Rights (FLP)</i> 17. desember 1976 og Ákvörðun um stjórnmalaleg réttindi (<i>Decree on Political Rights (DPR)</i> 24. maí 1978).</p>	<p><i>Þjóðaratkvæðagreiðslur eru algengar í Sviss. 568 þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram, þar af 175 að frumkvæði þegna. 191 ófrávikjanleg þjóðaratkvæðagreiðsla, 167 valkvæðar og 35 gagn tillögur (counter proposals).</i></p>	<p>Þjóðarfrumkvæði í STS 138, 139 og 141, um breytingar á stjórnarskrá, lögum og um samþykkt alþjóðasamninga.</p>
<p>Svíþjóð [8.8 millj] Konungsveldi. Nýr stjórnarskrá 1974. Frá þeim tíma er konungurinn ekki hluti ríkisstjórnarinnar en forsætisráðherra er kjörinn af þinginu, eftir</p>	<p>Ákvæði í stjórnarskrá um þjóðaratkvæðagreiðslur (kafla 8, gr. 4 og 15, og kafla 10). Lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna</p>	<p><i>Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram 12 sinnum í Svíþjóð, allar álitsumleitanir og voru 5 samþykktar og 7 synjað. Ekki virðist hafa farið fram bindandi</i></p>	<p>Engin ákvæði um þjóðarfrumkvæði eða tillögurétt</p>

tillögu forseta alþingis (Prakke, 820).	<i>Folkomröstningslag nr 1979:369</i>	<i>Þjóðaratkvæðagreiðslur þar sem minni hluti þingsins vísar máli til þjóðarinnar.</i>	
Tékkland [10.3 millj] Sjálfstæði - lýðveldi 1918 – STS 1920. Ný STS 1992. Vald komið frá þjóðinni, sem fer með það vald í gegnum löggjafa, framkvæmda- og dómsvald (STS 2(1)). Ákveða má með stjórnskipunarögum hvenær þjóðin fer með þetta vald beint (STS 2(2))  Stjórnskipunardómstóll. Eftir 2001 hefur stjórnskipunardómstóll heimild til að meta stjórnskipulegt gildi þjóðréttarsamninga, STS 10a og 49). Ekki er hægt að fullgilda samning áður en álit stjórnlagadómstóls liggur fyrir.	Í stjórnarskrá er almennt ákvæði um að ákveða megi með stjórnskipunarögum hvenær þjóðin fer beint með vald ríkisins, þ.m.t. þjóðaratkvæðagreiðslur (STS 2).	<i>Aðeins hefur farið fram ein þjóðaratkvæðagreiðsla í sögu Tékklands (aðild að ESB).</i>	Engin ákvæði um tillögurétt eða þjóðarfrumkvæði
Ungverjaland [10.7 millj]. Lýðveldi 1918. Stjórnarskrá breytt 1989 og síðan a.m.k. 20 breytingar til 2004 þegar Ungverjaland gerðist aðili að ESB. Vald runnið frá þjóðinni og fullveldi kemur fram í beinni ákvarðanatöku og fulltrúalýðræði (STS 2(2)). Vald má framselja til stofnana ESB (STS 2A)  Forseti – þingjörinn, ágreiningur um völd forseta . STS mælir fyrir um tiltekna valdheimildir forseta og í framkvæmd hafa forsetar ekki tekið sér verulegt pólitískt vald (Kortmann IV-31). Valdamikið þing í einni deild.  Stjórnlagadómstóllinn skar úr um það (1990)	Þjóðaratkvæðagreiðslur voru innleiddar 1989 (en ekki með breytingu á stjórnarskrá) –  Með breytingum á STS 1997 voru tekin upp ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur - þjóðaratkvæðagreiðslur innan ramma STS eru eingöngu mál sem falla innan valdsviðs þingsins. Ákveðin málefni má aldrei ákveða í þjóðaratkvæðagreiðslu STS 28/C (5).  Lög um þjóðaratkvæðagreiðslur (ACT XCII 1989) – gagnrýnt sem ófullkomin löggjöf (Kortmann IV-	<i>Fáar þjóðaratkvæðagreiðslur sem hafa skilað niðurstöðu, þrátt fyrir litlar takmarkanir, sbr. einnig texta um þjóðarfrumkvæði.</i>  <i>1997 (valkvæð / álitsgjöf um aðild að NATO);</i> <i>2003 ESB-aðild, ófrávikjanleg, 25% lágmarkspáttaka;</i> <i>raunveruleg þátttaka 46%;;</i> <i>samþykki 84%.</i>  Stjórnlagadómstóllinn hefur verið virkur í að túlka ákvæði STS um þjóðaratkvæðagreiðslur, m.a. að ákvæði laga samrýmdust ekki ákvæðum STS um þjóðaratkvæði	Þjóðarfrumkvæði: 100.000 kjósendur geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu – þingið ákveður hvort þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram; ef 200.000 kjósendur krefjast verður að halda þjóðaratkvæðagreiðslu  <i>Milli 1989 og 2006 voru fjórar þjóðaratkvæðagreiðslur á þessum grundvelli ( varðandi forsetakosningar, tvöfaldan ríkisborgararétt og einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu); 149 tillögum var hafnað á sama tímabili</i>

<p>að fulltrúalyðræði sé meginregla STS og að þjóðaratkvæðagreiðslur séu undantekning (og standi í beinni andstöðu við völd þingsins). Stjórnlagadómstóllinn hefur í nokkrum tilvikum stöðvað þjóðaratkvæðagreiðslur sem voru líklegar til að ná árangri.</p>	<p>15)  1998 lög um þjóðaratkvæðagreiðslur (LRI (<i>Act III of 1998</i>)).</p>	<p>og að eingöngu megi halda þjóðaratkvæðagreiðslur um málefni sem STS og lög geta mælt fyrir um, en að ekki megi nota þjóðaratkvæðagreiðslur til að breyta STS. Stjórnlagadómstóllinn hefur einnig talið að þegnar eigi stjórnarskrárvarinn rétt til að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu og til að rétturinn sé virkur verði að vera möguleiki að koma ágreiningsmálum fyrir stjórnlagadómstólinn.</p>	<p>(<i>Jungar, 112-13</i>).  Tillöguréttur. 50.000 þegnar geta borið fram tillögu málefni sem fellur undir vald þingsins. Þingið verður að fjalla um málið (STS 28/D).  <i>Hefur sjaldan virkað – á fyrstu 15 árum í lýðveldissögu Ungverjaland, u.þ.b 20 tillögur, en engin komst á það stig að það fengi þinglega meðferð – til 2006 náðu tvær tillögur fram að ganga (Jungar, 113).</i></p>
<p>Þýskaland [83 millj]. Sambandsríki. Þingræði. Allt ríkisvald komið frá þjóðinni (STS 20).</p>	<p>Engin ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrá.</p>	<p><i>Engar þjóðaratkvæðagreiðslur í sambandsríkinu, en þjóðaratkvæðagreiðslur fara fram í vaxandi mæli hjá sjálfstæðum einingum (Länder)</i></p>	<p>Engin ákvæði um þjóðarfrumkvæði og tillögurétt í sambandsríkinu.</p>